

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 22/1975, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Gjört í Reykjavík, 14. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Til tryggingar vaxtabréfum og öðrum skuldbindingum deildarinnar er:

1. veðskuldabréf þau er veðdeildin fær frá lántakendum,
2. varasjóður deildarinnar,
3. ábyrgð Búnaðarbankans.

2. gr.

1. tölul. 5. gr. laganna orðist svo:

Að veita lán gegn veði í jörðum og hvers konar fasteignum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.